

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og 12 hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóvember 1913, til að öðlast þegar gildi 6. febr. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. febrúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vígfús Einarsson.

REGLUR

um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum.

13

10. febr.

Samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, eru hér með sett sérstök ákvæði um útbúnað skipa, sem eru í siglingum milli landa um yfirlýst ófriðar- eða hættusvæði.

I. KAFLI

Farþega- og vöruflutningaskip og togarar.

1. gr.

Öll íslensk skip, sem eru í förum milli landa á ófriðar- eða hættusvæðum, skulu fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, og tilskipunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, og enn fremur skulu farþega-skip fullnægja alþjóðasamþykktinni frá 29. maí 1929.

Enn fremur skal skipið fullnægja eftirgreindum fyrirmælum vegna ófriðar-hættunnar:

1. Loftskreytastöðvar eða talstöðvar skulu hafðar á tveim stöðum í skipinu. Loftskreytastöðinni skulu fylgja að minnsta kosti tveir góðir móttakarar, svo að samtímis sé hægt að hlusta á 600 og 182 metrum.
2. Varðtunnu skal komið fyrir á framsigli, eða varðskýli á stýrishúspaki.
3. Skip, sem sigla til Bretlands, skulu hafa flugdreka með löngum vírstreng, og útbúnaði öllum þar að lútandi, enn fremur skulu þau hafa að minnsta kosti 4 reyksprengjur.
4. Skipið skal hafa morse-ljóstæki með speglum.
5. Flóka-björgunarvesti skulu vera handa allri skipshöfninni.
6. Engu má koma fyrir á bátapilfari, er hindrað geti greiðan aðgang að bjargbátunum.
7. Stýrishús og loftskreytaklefi skulu varin gegn skotum eins og bezt verður, með tilliti til stærðar skipsins, tölu varðmanna, stöðugleika (stabilitet) skipsins, og annarra atriða, er máli skipta.
8. Koma skal fyrir neyðarlýsingu hjá bjargbátunum og ef unnt er hjá bjargflekunum líka. Aflgjafa neyðarljósanna skal komið fyrir eins ofarlega og verða má í skipinu.

2. gr.

Sérhver bjargbátur skal, auk hins fyrirskipaða útbúnaðar, hafa:

1. Kork- eða kapokpúða, úr lituðum segldúk meðfram báðum hliðum bátsins og skulu þeir ná stafna á milli. Þeir skulu vera 15—20 cm í þvermál um miðjuna og mjókka til endanna, og skulu þeir vel festir við bátinn.
2. Skjólsegl úr létum og lituðum segldúk. Það skal falla vel við stefni og borðstokk bátsins og ná yfir $\frac{1}{2}$ til $\frac{2}{3}$ hluta af lengd hans. Enn fremur skal fyrir

13
10. febr.

- aftan skjólseglíð, með borðstokk bátsins, vera strengdur segldúkur 30—40 cm á hæð og falla vel að borðstokknum.
3. 6 eldflaugar og 6 stokka af stormeldspýtum, hvort tveggja geymt í vatnsheldum kassa, eða skammbyssu með 6 merkjaskotum. Enn fremur 6 olíufatnaði, 6 peysur, sáraumbúðir og tvö vasaljós, allt í vatnsheldum kassa. Enn fremur málmbáruflæg með þorskalýsi.
 4. Farþega- og vöruflytningaskip skulu hafa suðuáhold af viðurkenndri gerð.
 5. Einn af bjargbátum skipsins skal vera vélbátur, búinn öllum fleytigögnum og búnaði, sem aðrir bjargbátar skipsins, og auk þess fleytigögnum, sem svara til þunga vélarinnar og annarra áhalda, sem vélbátur þarf að hafa.
Enginn vélbátur má vera minni en 3,5 m³.
Í vélbátum skal vera hæfilega langur og gildur dráttarkaðall, og festar-tæki á bátnum til að festa hann við.
Í hverjum vélbát skal vera eldsneytisforði í 48 klst., með fullhraða.
Sé í vélbátnum benzínvél, skal henni fylgja varakveikja, geymd í vatnsheldu ílátí, eða að svo sé um vélna búíð, að sjór geti alls ekki að henni komizt, enda þótt báturinn fyllist af sjó.
 6. Einn af bjargbátum skipsins skal vera með loftskýtatækjum, er dragi að minnsta kosti 100 sjómilur.
 7. Á botni bjargbátanna, að utanverðu, skal vera handlisti til beggja hliða.
 8. Í hverjum bjargbát skal vera útbúnaður til að þétta bátinn eftir kúlnagöt og þess háttar.
 9. Ef þess er kostur, skulu bátarnir búnir fallkrókum (Sliphager).

3. gr.

Bjargflekar eða bjargbátar með hleypisúð.

Auk bjargbáta þeirra, sem skipið á að hafa, skal það einnig hafa bjargfleka eða bjargbáta með hleypisúð, nægilega stóra til að geta tekið alla á skipinu.

Bátar þessir eða bjargflekar skulu um gerð, útbúnað og fólkstölu, fullnægja alþjóða ákvæðum, en þurfa þó ekki að hafa varaárar eða varahluta.

Tala þeirra, sem flekinn tekur, skal ákveðin samkvæmt alþjóðareglum og mörkuð á hann ásamt nafni skipsins, en útbúnaður flekans skal vera þessi:

1. Sem fleytigagn skal ekki eingöngu nota loftkassa eða tunnur, heldur sé einnig haft hæfilega mikið af korki, vel fyrir komið.
2. Á sérhverjum fleka skal vera vatnsheldur fullt af góðu drykkjarvatni, 1 lítri á mann, og brauðkassi með hörðu brauði, 1 kg á mann, 3 dósir mjólkur á mann og 1 kg af haframjöli á mann. Enn fremur vatnsheldur dúnkur með sárabindum, 2 góðir vasalampar, merkjaskammbysa (signalpistol) með 6 skotum eða 6 flugeldar, stormeldspýtur, flugeldastengur, 6 olíufatnaðir og 6 peysur eða heitar flikur í olíupoka og fáni.
3. Á flekanum skal vera skjólsegl, vel fest við hann, er sá 40 cm á hæð, 2 árar, krókstjaki og öxi.
4. Kassarnir á flekanum skulu þannig gerðir, að þeir komi að fullum notum, hvor hlið flekans sem upp snýr. Skipaskoðunarstjóri ákveður í samráði við skipstjóra stað fyrir björgunarfleka á skipinu og hvernig þeim skuli komið fyrir á því. Flekarnir skulu vera á rennibrautum þar sem því verður við komið.
5. Við bjargflekann skal festa sjálfkveikjandi blys, er kvikni á um leið og bjargflekinn kemur í sjó.

4. gr.

Til viðbótar við þann forða, sem á að vera í bátunum, skal enn fremur vera í

bátnum og á flekanum forði af niðursoðnu kjöti í ½ eða 1 kg dósum, er nemi 1 kg á mann. 13

10. febr.

Bjargtækjum þeim, sem nefnd eru í 3. gr., þarf ekki að vera komið fyrir undir bátsuglum, en þau skulu höfð á þeim stað á skipi og þannig komið fyrir, að þau fljóti upp ef skipið sekkur.

II. KAFLI

Fiskiskip, önnur en togarar.

5. gr.

Útbúnaður fiskiskipa, annarra en togara, sem eru í förum milli landa á ófriðar- eða hættusvæðum, skal vera sá, er greinir í þessum kafla.

Sérhvert fiskiskip, sem er í förum milli landa á ófriðar- eða hættusvæðum, skal fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, og tilskipunum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, en auk þess skal skipið fullnægja fyrirmælum þeim, sem hér greinir:

1. Stýrishúsið skal vera varið gegn skotum, eins og bezt má verða, þegar tillit er tekið til stærðar skipsins, fyrirkomulags á því, haffærni o. fl.
2. Varðskýli skal vera á stýrishúspaki.
3. Í skipinu skal vera góð talstöð, og skal hún reynd í hvert sinn áður en skipið fer í utanlandsferð af umboðsmanni landssímans.
4. Á skipinu skal vera morse-ljóstæki með speglum.
5. Skipið skal hafa bjargbát eða bjargbáta samkvæmt áðurnefndri tilskipun og reglugerðum og auk þess fullnægja ákvæðum 1., 2., 3., 6., 7. og 8. liðs 2. gr. hér að framan.
6. Skipið skal hafa bjargfleka fyrir alla á skipinu og skal allur útbúnaður hans vera eins og segir í 3. gr. hér að framan. 1. málsg. 1. gr. gildir einnig fyrir þessi skip.

III. KAFLI

Strandferðaskip og varðskip.

6. gr.

Farþega- og vöruflutningaskip í strandsiglingum og varðskip ríkisins skulu fullnægja ákvæðum laga nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, tilskipunum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim, og auk þess fullnægja eftirgreindum fyrirmælum:

1. Skipið skal hafa varðtunnu á framsiglu eða varðskýli ofan á stýrishúsi.
2. Skipið skal hafa morse-ljóstæki með speglum.
3. Utan á bátunum skulu vera korkpúðar, eins og segir í 1. lið 2. gr.
4. Á botni bátanna skulu vera handlistar.
5. Í bjargbátum skal vera útbúnaður til að þetta leka.
6. Skipið skal hafa bjargfleka með öllum útbúnaði, eins og tekið er fram í 3. gr., svo að þeir, ásamt bjargbátum skipsins, geti rúmað alla á skipinu, miðað við hina mestu farþegatölu, sem skipið má flytja. Skip, sem ekki eru farþegaskip, skulu hafa bjargfleka, sem rúmað geti alla skipverja.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

7. gr.

Hægt skal vera að stöðva aðalvélina, bæði frá vélarúmi og efsta þilfari með því að loka fyrir gufuna eða eldsneytið til mótorsins.

13

10. febr.

8. gr.

Auk hins venjulega eftirlits, sem skipstjóra er skylt að hafa með bjargtækjum skipsins, skal hann, áður en hann fer inn á svæði, þar sem ófriðarhætta er, láta eftirlita öll bjargtæki skipsins, vatnsheldar hurðir og hlera, spjaldloka o. fl., og sjá um að allt sé í lagi. Skipaefirlit ríkisins skal hafa stöðugt eftirlit með því, að fyriræluum þessara reglna sé framfylgt til hins ýtrasta og má ekkert skip láta úr höfn til útlanda, nema vottorð skipaskoðunar ríkisins sé fyrir hendi um að öll björgunartæki séu í lagi.

Skipstjóra ber, eftir því sem frekast verður við komið, að æfa skipshöfnina í að nota bátana og bjargtækin. Allir gallar, sem koma í ljós við æfingarnar, skulu lagfærðir og árangurinn skráður í eftirlitsbókina.

9. gr.

Þegar venjuleg skoðun á skipi fer fram, hvort heldur er aðal- eða aukaskoðun, skulu skoðunarmenn gæta þess, að ákvæðum þessara reglna sé fullnægt.

10. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur veitt tilslakanir frá ákvæðum þessara reglna, þegar ástæða þykir til, og það, vegna framkominna upplýsinga, virðist rétt og sanngjarnt.

Skipaskoðunarstjóra er heimilt að veita frest til fullnægingar á ákvæðum þessarra reglna, þegar hann telur gildar ástæður fyrir hendi.

11. gr.

Þegar skip fer um ófriðarsvæði, eða þar sem tundurduflahætta er, skulu sérstakar ráðstafanir gerðar til öryggis skipshöfn og farþegum.

Af slíkum öryggisráðstöfunum má nefna:

1. Lokað sé öllum vatnsheldum hurðum og ljórum.
2. Bátahlífarnar skulu teknar af og bátarnir skulu, hvenær sem er, hafðir tilbúnir til að síga á sjó.
3. Allir bátar og flekar, sem eru undir bátsuglum skulu hafðir eins tiltækir og frekast er unnt.
4. Bjargbelti fyrir alla á skipinu skulu, hvenær sem er, vera tiltæk.

Með reglum þessum eru felldar úr gildi eldri reglur um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. febrúar 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.